

Kvennaskólinn í Reykjavík

Ársskýrslan 2019

Skólinn í hnotskurn

Árið 2019 voru í Kvennaskólanum í Reykjavík 619 nemendur og 67 starfsmenn í 52,5 stöðugildum. Starfsemi skólans fer fram í þremur húsum sem eru samtals 5031 fermetrar að stærð.

Skólinn er skipulagður með bekkjakerfi og undanfarin ár hafa um 95% úskrifaðra nemenda lokið námi sínu á þremur árum í samræmi við nýja námskrá, sem stúdentar hafa verið brautskráðir af síðan 2012. Námsbrautir skólans eru þrjár; félagsvísindabraut, hugvísindabraut og náttúruvísindabraut sem er fjölmennust.

Nemendur

Á vorönn 2019 fóru 584 nemendur í vorpróf og 171 stúdent var útskrifaður. Haustið 2019 hófu 644 nemendur nám við skólann. 238 nýnemar hófu nám.

Þar af 227 sem komu beint úr 10. bekk. Í desember 2019 útskrifuðust 9 stúdentar allir úr 4. bekk.

Skipting á brautir

Veturinn 2018-2019 var skipting nemenda á brautir þannig að um 36% nemenda voru á félagsvísindabraut, 8% á hugvísindabraut og 56% á náttúruvísindabraut. Eins og áður voru stúlkur fleiri en piltar í nemendahópnum og þetta ár voru piltar 28% nemendahópsins. 55% nemenda áttu lögheimili í Reykjavík eða á Seltjarnarnesi og 92% á stór-Reykjavíkursvæðinu.

Kynjahlutfall

Veturinn 2017-18 var kynjahlutfall nemenda þannig að 72% voru stúlkur og 28% piltar. Yngstu nemendur skólans, 3 talsins, voru fæddir 2003 og sá elsti 1995.

Kennsla og stjórnun

Við skólann starfa nú 70 starfsmenn í 61,3 stöðugildum, þar af 52 kennarar í 45,7 stöðugildum. Gert er ráð fyrir nokkurri endurnýjun starfsmanna á næstunni en 13 kennarar eru 60 ára eða eldri 31. desember 2019 en verða 16 í árslok 2020. Af 18 öðrum starfsmönnum eru 8 sem hafa náð 60 ára aldri 31/12 2019 en verða orðnir 9 í árlök 2020. Í fjárlögum fyrir árið 2020 er gert er ráð fyrir fækkun ársnemenda úr 663 í 630. Gert er ráð fyrir óbreyttum nemendafjölda, 630 ársnemendum, næstu þrjú árin. Hefur þessi fækkun ekki teljandi áhrif á fjölda stöðugilda í kennslu.

Fjármál, rekstur

Fjárlög fyrir árið 2019 gerðu ráð fyrir svipaðri starfsemi og áður eða 663 ársnemendum. Fjárheimild samkvæmt fjárlögum var 865,7 m. kr. en þar af voru sértekjur 54,9 m. kr. sem skólanum var ætlað að innheimta. Til greiðslu úr ríkissjóði voru 796,7 m. kr. og þar af 14,1 m.kr. til fjárfestinga. Rekstrarútgjöld ársins voru 873,5 m. kr., tekjur voru 63,0 m. kr. og framlag ríkissjóðs til reksturs og afskrifta 815,3 m. kr. Rekstrarafgangur var 4,9 m. kr. Höfuðstóll er jákvæður um ca. 44,5 m. kr. Ónýttar fjárheimildir fyrri ára, 14,5 m.kr. voru felldar niður í árslok 2019. Niðurstöðutölur ársins eru birtar með fyrirvara þar sem ársreikningur liggur ekki fyrir.

Markmiðasetning í áætlun 2020-2022: Árangur og staða

Viðmið 2020: Kanna hjá nemendum á öllum námsárum. Ekki færri en 95% nemenda og forráðamanna telja sig eða barnið sitt ánægt í skólanum

Staðan: Haustönn 2020 verður lögð fyrir alla nemendur viðhorfskönnun

Viðmið 2020: Samsömun og félagsleg tengsl

Staðan 2020: Haustönn 2020 viðhorfskönnun þar sem spurt verður um samsömun og félagsleg tengsl

Viðmið 2020: Vinnuandi í kennslustofum. Kennslu og áfangamat og viðhorfskönnun.

Staðan 2020: Áfangamat endurskoðað á vorönn 2020.

Viðmið 2020: Efla og endurskoða umsjónarkerfið til að styrkja betur bekkjarandann.

Staðan 2020: Verkefnastjórn umsjónarkennara nemenda í 1. bekk, byrjaði haust 2019.

Skipulögð verkefni til að efla bekkjarandann. Umsjónarkennarar í 1. bekk með aukatíma í stundatöflu fyrir umsjón. Haldið áfram með verkefnið á næsta skólaári.

Viðmið 2020: 90% útskrifaðra nemenda fara í framhaldsnám og

Staðan 2020: Ákveðið að leggja könnun fyrir nemendur sem útskrifuðust vorið 1997 á vorönn 2021.

Verkefni/aðgerðir:

Fjöldi valáfanga á 3. þrepi sé í samræmi við aðgangsviðmið háskóla = Farið yfir framboð valáfanga og búið að auka kynningu á aðgangsviðmið háskóla (vorönn 2020)

Boðið uppá valáfanga í forritun/tölvufræði: Verður kennt á vorönn 2021 og boðið uppá framhaldsáfanga skólaárið 2021-2022

Aukin ráðgjöf og stuðningur við nemendur þegar kemur að vali fyrir 3ja árið: Beytt skipulag á valkynningardegi og aukin viðvera náms- og starfsráðgjafa

Viðmið 2020: Efla mannauð, samskipti og samvinnu, ekki færri en 75% starfsmanna svari könnun þar sem spurt er um endurmenntun á vegum skólans.

Staðan 2020: Könnun lögð fyrir starfsmenn vorönn 2020.

Viðmið 2020: Reglulegir samráðsfundir stjórnenda og fulltrúa kennarafélags skólans.

Staðan 2020: Samráðsfundir stjórnenda hófust á skólaárinu 2019-2020, verða reglulegir 1x á önn.

Verkefni/aðgerðir

Endurskoða skipurit skólans með það fyrir augum að efla og styrkja fagstjórastarfið til að auka samstarf milli námsgreina og innan skyldra greina. Skipurit skólans endurskoðað í tengslum við jafnlaunavottun og skipulagðir fundir fagstjóra og stjórnenda einu sinni á önn (hófst haustönn 2019)

Aðgangur erlendra starfsmanna. Aukin túlkapjónusta og handbók starfsmanna verður uppfærð og þýdd á pólsku.

Viðmið 2020: Að starfsemi skólans snerti öll heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun.

Staðan 2020: Búið að setja upp myndir af heimsmarkmiðum SP í kennslustofum og á vinnusvæðum kennara.

Verkefni/aðgerðir

Óskir og þarfir um endurmenntun innanhúss könnuð með reglubundnum hætti: Unnið með á vinnudögum að vori og könnun lögð fyrir starfsmenn vorið 2020.

Samgöngustefna/samgöngustyrkur: Samgöngustyrkur hækkaður og kynntur sérstaklega (skólaárið 2019-2020)

Auka fræðslu um heimsmarkmið SP og hvernig má innleiða þau í starfsemi skólans:

Kynningarefni í húsnæði skólans og í undirbúningi að fá kynningu á húspingi skólaárið 2020-2021.

Verkefni/aðgerðir

Endurnýjun á búnaði í kennslustofum, aðalskrifstofu skólans og kaffistofunni í U: Verkefni í gangi.

Verkefni/aðgerðir

Móta stefnu til næstu ára í starfsemi og rekstri bókasafnsins: Verður sett í gang þegar búið er að grisja bókakost og skrá í Gegni

Grisja bókakost og skrá í Gegni: Hófst á vorönn 2020

Vinnuaðstaða endurskipulögð: Verður skipulagt þegar búið er að grisja bókakost og skrá í Gegni.

Reykjavík, 30. apríl 2020

Virðingarfyllt,
Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari